

Borgarstjórn
28. febrúar 2017

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um geðfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur

Lagt er til að Reykjavíkurborg bjóði upp á fagmannlega geðfræðslu fyrir nemendur á mið- og unglingastigi í grunnskólum Reykjavíkurborgar frá og með hausti 2019 með stuðningi skóla- og frístundasviðs.

Greinargerð:

Ungmennaráð Grafarvogs leggur til að geðfræðsla verði aukið innan veggja grunnskóla borgarinnar. Einnig leggur ungmennaráð Grafarvogs til að geðfræðslan sé kennd í lífsleikni og sé e.t.v. lengri og samfleyttari. Ungmennaráðið telur að skóla- og frístundasvið eigi að sjá til þess að allir grunnskólar bjóði upp á fagmannlega geðfræðslu fyrir nemendur á mið- og unglingastigi fyrir haustið 2019. Þetta má gera í samstarfi við samtök á við Geðhjálp eða Hugrónu, geðfræðslufélag sálfræðinema við Háskóla Íslands.